

**49. fundur Skipulags,bygginga,umhverfis og samgöngunefndar haldinn
Fundarsalur Álftavers,
Miðvikudaginn 10. desember 2025, kl. 16:15.**

Fundinn sátu:

Anna Lind Ragnarsdóttir, Hulda Gunnarsdóttir, Bragi Þór Thoroddsen, Kjartan Geir Karlsson og Jóhann Birkir Helgason.

Fundargerð ritaði: Jóhann Birkir Helgason, .

1. Langeyrarvegur 3b - 2511001

Tekið fyrir erindi frá Íslenska kalkþörungafélaginu dags. 10. nóvember 2025 er varðar bráðabirgðaaðstöðu í húsnæði Langeyrarvegur 3b vegna uppbyggingar kalkþörungaverksmiðjunnar.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd bendir á að svæðið á Langeyri er athafnasvæði AT1 skv. aðalskipulagi Súðavíkurhrepps. Nefndin getur því ekki fallist á að leyfa bráðabirgða gistiaðstöðu á svæðinu.

Hafnað

2. Deiliskipulagsbreyting - iðnaðarsvæði inn af Langeyri - 2109006

Tekið fyrir erindi frá Íslenska kalkþörungaverksmiðjunni er varðar smávægilega breytingu á texta í deiliskipulagi Langeyrar vegna kalkþörungaverksmiðjunnar. Um er að ræða verksmiðjuleyfi sem er 120.000 tonn á ári en verður eftir breytingu 150.000 tonn á ári.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að farið verði í breytingu á deiliskipulagi og að málsmeðferð verði skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga sem fjallar um auk óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þá leggur nefndin til að gerð verði breyting á Aðalskipulagi Súðavíkurhrepps 2018-2030. Í kafla 11.6 Hafnarsvæði er fjallað um heimild til að vinna allt að 120.000 tonn á ári. Gera þarf breytingu á þessu og að farið verði í 150.000 tonn á ári. Nefndin hefur farið yfir gátlista Skipulagsstofnunar og hefur breytingin engin áhrif á landnotkun né áhrif á einstaka aðila og svæði. Eingöngu er um að ræða meiri afköst verksmiðjunnar en áður var áformað.

Samþykkt

3. Geymslusvæði við Njarðarbraut - 2509017

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Maria Maya dags. 26. september 2025 er varðar ruslahaug við Njarðarbraut 14-20.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að sveitarstjóra verði falið að ræða við þá aðila sem eru að nota svæðið sem geymslusvæði um að loka lausamuni af með skjólvegg til að bæta ásjón svæðisins. Nefndin leggur til að því verði lokið fyrir 1. maí 2026.


 1 

Samþykkt

4. Smalamennska í Djúpi, beiðni um styrk v. leitarflugs - 2509012

Lagður fram tölvupóstur frá Marinó Hákonarsyni leitarstjóra í Reykjaflarhreppi hinum forna. Óskað er eftir aðkomu sveitarfélagsins að leitarflugi yfir svæðið sem yrði 1-2 dögum fyrir smölun.

Lagt fram til kynningar.

Samþykkt

5. Vatnsveita á Langeyri - 2511006

Tekið fyrir minnisblað byggingarfulltrúa dags. 19. nóvember 2025 er varðar vatnslagnir að kalkþörungaverksmiðju og hafnarsvæði á Langeyri

Lagt fram til kynningar.

Samþykkt

6. Úrgangsmál í Súðavíkurbreppi - 2511009

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Pure North dags. 4. nóvember 2025 er varðar úrgangsuttekt og innleiðingu breytinga í úrgangsmálum.

Lagt fram til kynningar.

Samþykkt

7. Svæðisskipulag Vestfjarða - 2404000

Tekið fyrir bréf frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga dags. 19. nóvember 2025 er varðar beiðni um samþykki á auglýsingu á tillögu að Svæðisskipulagi Vestfjarða 2025-2050.

Lagt fram til kynningar.

Samþykkt

8. Frístundabyggð, skipulagslýsing Melgarðasvæði - 2512003

Tekin fyrir drög af skipulagslýsingu, Langeyri - Melgarðasvæði, Kálfahvammur og Lambhúsnes, dags. 5. desember 2025 Unnið af Sei arkitektum.


Lagt fram til kynningar

Samþykkt


Fundi slitið kl. 18:00.



Anna Lind Ragnarsdóttir




Hulda Gunnarsdóttir



Bragi Þór Thoroddsen



Kjartan Geir Karlsson



Jóhann Birkir Helgason

